

Alþingi
Erindi nr. P 137/21
komudagur 28.5.2009

Efnahags- og skattanefnd Alþingis,

Nefndasvið,

150 Reykjavík.

Reykjavík, 28. maí 2009.

Efni: Frumvarp til laga um stofnun hlutafélags til að stuðla að endurskipulagningu þjóðhagslega mikilvægra fyrirtækja.

SVP – Samtök verslunar og þjónustu hafa fengið til umsagnar nefnt frumvarp. Þann 18. mars sl. sendu samtökin, ásamt með Samtökum atvinnulífsins, Samtökum iðnaðarins og Landssambandi íslenskra útvegsmanna umsögn um frumvarp um sama mál sem lagt var fram á fyrra þingi. Þar höfðu samtökin uppi mikla gagnrýni á það frumvarp og lögðust gegn samþykkt þess

Ljóst er að það frumvarp sem hér liggur fyrir er í veigamiklum atriðum breytt frá fyrra frumvarpi og tekið hefur verið tillit margra þeirra athugasemda sem samtökin settu fram í vetur. Í því ljósi er ekki ástæða til að leggjast gegn samþykkt frumvarpsins.

SVP vill þó taka fram að innan ríkisbankanna þriggja hafa verið stofnuð eignaumsýslufélög sem hafa það hlutverk að taka við fyrirtækjum sem bankarnir neyðast til að taka yfir. Telja verður að í megindráttum séu bankarnir því best í stakk búnir til að greiða úr þeim mikla vanda sem fyrirtæki eiga við að glíma. Verður því að ætla að það hlutafélag sem hér er lagður grunnur að hafi tiltölulega takmörkuðu hlutverki að gegna.

Virðingarfyllst,

f.h. SVP

Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri